

# Fulltrúaráðsfundur

## 2. desember 2009 kl.19.30

### í húsnæði HRFÍ Síðumúla 15

Boðað var til fulltrúaráðsfundar með tölvupósti þann 19. nóvember sl.

Mættir voru fulltrúar frá öllum deildum nema schäferdeild, ensk cocker deild, smáhundadeild, spanífeldeild, boxerdeild, spítzhundadeild, vinnuhundadeild, unglingadeild og íþróttadeild.

#### Dagskrá:

- Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ
- Punktur frá NKU fundi 21. ágúst sl. - Guðríður Valgeirsdóttir varaformaður  
Kaffi og smákökur
- Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum
  - Fulltrúi frá stýrihópi skapgerðarmats
- Önnur mál

## 1. Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ

Aðalfundur Hundaræktarfélag Íslands var haldinn í Félagsheimili Fáks í Víðidal miðvikudaginn 13. maí sl. Tæplega 300 félagsmenn mættu á fundinn, sem er einn fjölmennasti aðalfundur í sögu félagsins. Jóna Th. Viðarsdóttir var endurkjörin formaður, Björn Ólafsson og Margrét Kjartansdóttir voru endurkjörin í stjórn, Auður Sif Sigurgeirsdóttir var kosin í varastjórn.

#### Stjórn er því þannig skipuð:

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður, Björn Ólafsson, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir, öll í aðalstjórn, Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Friðrik Lunddal í varastjórn.

#### Stjórn skiptir þannig með sér verkum:

- Varaformaður- Guðríður Þ. Valgeirsdóttir
- Gjaldkeri- Friðrik Lunddal
- Ritari – Valgerður Júlíusdóttir
- Umsjón með Sólheimakoti- Friðrik Lunddal, Margrét Kjartansdóttir og Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Nefndarskipan í fastanefndir félagsins er birt á vefsíðu HRFÍ

**Eftirfarandi ályktun frá Fulltrúaráði Hundaræktarfélags Íslands (fundur 29. apríl sl.) var samþykkt með miklum meirihluta fundarmanna:**

*„Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands er alfarið á móti árásar- og varnarþjálfun hunda og útrekar að slík þjálfun eða kynning á henni fari hvergi fram í nafni Hundaræktarfélags Íslands”*

**Einnig var samþykkt tillaga varðandi utankjörstaðaatkvæði sem samræmist ekki lögum félagsins og er því enn í vinnslu.**

Stjórn hefur fundað **tú** sinnum frá aðalfundi í maí. Engin sumarlokun var á skrifstofu félagsins vegna margra viðburða í sumar. Þrír starfsmenn eru á skrifstofu: Valgerður Júlíusdóttir framkvæmdastjóri, Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir í 89% starfi og Helga Andrésdóttir í 64% starfi.

### **Fyrirlestur Brendu Bonnet í boði VÍS/Agria samstarfsaðila HRFÍ**

Kanadíski dýralæknirinn Brenda Bonnett hélt fyrirlestra 2., 3. og 4. júní fyrir ræktunardeildir HRFÍ í húsnæði Hundaræktarfélagsins að Síðumúla 15. Brenda hefur unnið áhugaverða greiningu á öllum helstu hundategundum í Svíþjóð sem til eru á diskum, *Agria Dog Breed Profiles*. Diskarnir eru til sölu hjá VÍS og kosta kr. 7.000. Hægt er að panta diskana hjá Valgerði á [vala@hrfi.is](mailto:vala@hrfi.is).

### **Minningarsjóður Emilíu – úrsögn úr stjórn sjóðsins og umsóknir um styrki**

Tveir fjölskyldumeðlimir Emilíu sögðu sig úr stjórn sjóðsins. Stjórn HRFÍ gat ekkert aðhafst í málum sjóðsins nema að breyta reglum hans þar sem skipulagsskrá gerði ráð fyrir að tveir af fjölskyldu Emilíu væru í stjórn sjóðsins. Þann 12.ágúst samþykktu tveir fjölskyldumeðlimir Emilíu breytingu á skipulagsskrá Minningarstjóðs Emilíu er varðar 8. grein. Búið er að afgreiða tvær umsóknir um styrki samkvæmt eldri skipulagsskrá. Nýja skipulagsskrá má sjá á vefsíðu HRFÍ.

**Stjórn HRFÍ hefur samþykkt nýjar heilsufarskröfur fyrir cavalierdeild, fjár- og hjarðhundadeild og pinscher, mastiff og fjallahundadeild. Hægt er að sjá gildandi breytinara á vefsíðu félagsins.**

### **Cavalierdeild:**

Eftirfarandi breyting gildir nú og er í *Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands:*

#### ***Cavalier king charles spaniel:***

**Augnvottorð:** Vottorð má ekki vera eldra en 25 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.07.2009).

Ekki skal rækta undan hundum, sem greinast með eftirtalda augnsjúkdóma: PRA, Starblindu (Juvenile cataract), meðfædda starblindu (Microphthalmia cataract), Retinal Dysplasia geographic/detached eða Multifocal Retinal Dysplasia. Greinist hundur með einhvern af ofangreindum augnsjúkdómum fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. (Gildir frá 01.08.2006).

**Hjartavottorð:** Vottorð undaneldishunda má ekki vera eldra en 6 mánaða við pörun og skulu þeir vera án murrar þar til 6 ára aldri er náð (gildir fyrir paranir frá og með 1. júlí 2009).

Vottorð eftir að 5 ára aldri undaneldishunda er náð gildir í eitt ár. Vottorð eftir 7 ára aldur undaneldishunda gildir ævilangt. (Gildir frá 01.01.2008). Hjartavottorð þarf að fylgja ættbókarskráningu í hvert skipti.

## **Fjár- og hjarðhundadeild- breyting á heilbrigðiskröfum fyrir old english sheepdog:**

Eftirfarandi breyting gildir nú og er í *Reglugerð um skráningu í ættbók Hundarættarfélags Íslands*:

### ***Old English Sheepdog:***

Ræktunarbann er á hunda sem greinast með arfgengt cataract (Gildir frá 01.01.10)

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók (Gildir frá 01.01.10).

### **Í gildi var og er:**

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.03.2009).

## **Pinscher, mastiff og fjallahundadeild – breytingar heilbrigðiskröfum fyrir eftirfarandi tegundir í tegundahópi 2:**

Berner Sennenhund, Bullmastiff, Dobermann Pinscher, Dogue de bordeaux, German Pinscher, Leonberger, Miniature Pinscher, Rottweiler, Stóra Dan, Shar Pei

Eftirfarandi breyting gildir nú og er í *Reglugerð um skráningu í ættbók Hundarættarfélags Íslands*:

### ***Berner Sennenhund:***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.(Gildir frá 01.01.2010).

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.(Gildir frá 01.01.2009).

Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.(Gildir frá 01.01.2010).

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

### ***Bullmastiff:***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2010).

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.(Gildir frá 01.01.2009).

Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.(Gildir frá 01.01.2010).

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

### ***Dobermann:***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.12.2000).

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.(Gildir fyrir mjaðmamyndir frá 01.02.2000 og olnbogamyndir frá 01.01.2010).

Greinist hundur með mjaðmalos C, D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.(Gildir frá 01.01.2010).

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

### ***Dogue de bordeaux:***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.(Gildir frá 01.01.2010).

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.01.2009).

Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.(Gildir frá 01.01.2010).

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

### ***German pinscher:***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2009).  
Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.(Gildir fyrir mjaðmammyndir frá 01.01.2009 og olnbogamyndir frá 01.01.2010).  
Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.(Gildir frá 01.01.2010).

***Leonberger:***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.(Gildir frá 01.01.2009).  
Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.(Gildir fyrir mjaðmammyndir frá 01.12.00 og olnbogamyndir frá 01.01.2010).  
Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

***Miniature pinscher:***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2009).  
Staðfest heilbrigði hnéskelja frá dýralækni. Niðurstöður liggi fyrir við pörun. (Gildir frá 01.01.2009).  
Hnéskeljaskoðun: Skila þarf vottorði frá dýralækni um ástand hnéskelja ræktunardýrs, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr undir tveggja ára aldri gildir í eitt ár, vottorð tveggja ára ræktunardýrs gildir ævilangt.(Gildir frá 01.01.2010)

***Rottweiler:***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.(Gildir frá 01.01.2010).  
Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.(Gildir frá01.12.00).  
Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.(Gildir frá 01.01.2010).  
Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

***Shar Pei:***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2010).

***Stóri dani:***

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2010).  
Mjaðma-og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir fyrir mjaðmammyndir frá 01.09.2001 og olnbogamyndir frá 01.01.2009)  
Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

**Búið er að breytinga og samræma skammstöfun á titlum – sjá einnig á vefsíðu félagsins.**

<b>ISCh</b>	<b>Íslenskur meistari</b>
<b>ISShCh</b>	<b>Íslenskur sýningameistari</b>
<b>ISFtCh</b>	<b>Íslenskur veiðimeistari</b>
<b>ISAgCh</b>	<b>Íslenskur hundafimimeistari, hundur með ættbók</b>
<b>ISAgMe</b>	<b>Íslenskur hundafimimeistari, hundur án ættbókar</b>
<b>ISJuCh</b>	<b>Íslenskur hoppmeistari, hundur með ættbók</b>
<b>ISJuMe</b>	<b>Íslenskur hoppmeistari, hundur án ættbókar</b>
<b>ISTrCh</b>	<b>Íslenskur sporameistari</b>
<b>ISObCh</b>	<b>Íslenskur hlýðnimeistari</b>
<b>ISLcCh</b>	<b>Íslenskur meistari í beituhlaupi</b>

## **Byrjenda- og framhaldsræktunarnámskeið (anatomy and judging)**

Var haldið í Sólheimakoti 19. og 20. júní 2009. Leiðbeinandi var sem fyrr Hans-Áke Sperne frá Svíþjóð. 10 mættu á byrjendanámskeið og 14 á framhaldsnámskeiðið.

## **Breytingartillaga á grundvallarreglum**

### 1. Almenn

Félagsmönnum í Hundaræktarfélagi Íslands ber að:

1.5. Hvorki styðja né taka þátt í þjálfun, prófum eða keppnum sem byggja á ógnun eða átökum hunds og manns (**t.d. árásar- og/eða varnarþjálfun**). Þessi regla gildir um starfsemi á Íslandi. Í undantekningartilvikum viðurkennir HRFÍ próf og keppnir á vegum erlendra hundaræktarféлага þar sem svokölluð varnarvinna er hluti þess.

## **Evrópusýning í Dublin 30. maí – 1. júní 2009.**

Um 4400 hundar voru skráðir á sýninguna, mun minna en menn höfðu gert ráð fyrir. Haldar voru auk þess sérsýningar á föstudeginum 29. maí. The Kennel Club var einnig með sýningu á laugardeginum fyrir írsku þjóðarhundana. Yfir 20 stiga hiti og sól var alla dagana. Fulltrúi okkar í úrslitakeppni ungra sýnenda var Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir. Auk þess tók Theodóra Róbertsdóttir þátt í keppni ungra sýnenda og komst alla leið í úrslit. Það var því gaman að sjá tvo fulltrúa frá Íslandi í lokakeppninni. Gekk þeim báðum mjög vel en náðu ekki sæti.

## **Sumarsýning HRFÍ 27. – 28. júní 2009 - Metskráning**

Metskráning var á sumarsýningu félagsins. Alls voru skráðir til þátttöku tæplega 650 hundar af 82 hundategundum. Alls tóku þátt 31 ungir sýnendur á aldrinum 10-13 og 14-17 ára.

Eins og venjulega voru dómarrar afar ánægðir með skipulag, umgjörð og starfsfólk sýningarinnar. Mjög gott veður var sýningarhelgina og hefur það eflaust haft áhrif á hvað fáir áhorfendur voru á sýningunni einnig voru fáir kynningar- og deildarbásar.

## **NKU vísindaráðsfundur var haldinn á skrifstofu HRFÍ 17. og 18. ágúst.**

Helga Finnsdóttir gerir fundinum skil á næsta fulltrúaráðsfundi.

## **NKU fundur var föstudaginn 21. ágúst á Grand Hotel**

Guðríður Valgeirsdóttir gerir grein fyrir fundinum hér á eftir, sjá punkta neðar í fundargerðinni.

Í tilefni af 40 ára afmæli Hundaræktarfélagi Íslands voru okkur færðar afmælisgjafir frá norrænu hundaræktarfélagunum ásamt gjöf frá Hans Áke Sperne.

## **Afmælissýning HRFÍ – Tvær aðskildar sýningar 22. – 23. ágúst**

Alls voru 686 hundar skráðir til keppni á laugardeginum og 673 á sunnudeginum. Níu dómarrar frá Norðurlöndum (þarf af 2 frá Íslandi) og einn frá Bretlandi dæmdu á sýningunum. Níu sýningahringir voru í gangi fyrri daginn og tíu þann síðari. Það er ljóst að þetta er stærsti og viðamesti viðburður sem félagið hefur ráðist í til þessa. Félagsmenn brugðust vel við kalli til starfa og fullmannað var í allar stöður í dómhringjum og augnskoðun. Til að einfalda sýninguna og stytta úrslit, ákvað sýningastjórn hafa ekki ræktunar- og afkvæmahópa á dagskrá. Þá var ekki parakeppni og tegundarhópar 4 og 6 voru dæmdir saman (sem einn). Í fyrsta sinn var forkeppni (pre-judging) í tegundarhópum 2 og 9 og hjá ungvíði og hvolpum.

Keppni ungra sýnenda fór að venju fram á föstudegi. Skráðir voru 35 keppendur til leiks, 7 í eldri flokki og 25 í yngri. Félaginu hefur borist þakkarbréf frá dómurum og félagsmönnum.

## **Afmælishátíð HRFÍ var haldin í reiðhöllinni í Víðidal 27. ágúst kl.17-22**

Afmælishátíðin var vel sótt, þó aðallega af félagsmönnum, sem voru ánægðir með þetta framtak.

Afmælisteymið sem sá um allt utanumhald og skipulagninu á afmælishátíðinni á þakkir skyldar fyrir gott framtak einnig allir þeir sem tóku þátt á hátíðardaginn.

Eftirfarandi var á dagskrá:

*Fyrirlesarar:*

Steinunn Geirsdóttir dýralæknir: Herpes í hundum

Helga Finnsdóttir dýralæknir: Sæðingar með frosnu og fersku sæði.

Sigríður Bílddal ræktandi: Hvernig undirbý ég hvolpa undir lífið?

Hanna María Arnórsdóttir dýralæknir: Skyndihjálpar fyrir hunda.

Sigrún Árnadóttir hómópati: Getur hómópatía gagnast hundum?

Margrét Kjartansdóttir hundasnyrtir: Snyrting hunda.

Stefanía Sigurðardóttir ræktandi: Saga og uppruni íslenska fjárhundsins.

Þorsteinn Kristinsson kerfisfræðingur: Nýtt forrit fyrir ræktendur.

Fyrirlestrarir fóru fram í veitingasal á 2. hæð.

Gömlu teppin voru sett á reiðhallargólfið. Þar voru ræktunardeildir og söluaðilar með kynningarbása. Jafnframt var boðið uppá fjölbreytta skemmtun s.s.: hundafimi, hlýðni, hundadans, sporaleit, smalahundur að smala öndum, tískusýningu, vængæfingu fyrir fuglahunda o.fl. Ljósmyndasýning Rakelar Óskar Sigurðardóttir var í anddyri og gangi. Rakel tók einnig myndir af hundum í boði VÍS Agria dýraverndar og var jafnan löng röð hjá Rakel í myndatökunni. VÍS Agria hafði áður sent glæsilegt boðsbréf í myndatökuna til þeirra sem tryggja hunda sína hjá VÍS. Glæsileg sýning var í veitingasal en þar var stiklað á stóru í 40 ára sögu HRFÍ í máli og myndum, sem Brynja Tomer tók saman og greiddi úr eigin vasa. Boðið var upp á heita súpu og aðrar veitingar í veitingasal gegn vægu gjaldi.

### **Hundafiminámskeið var haldið 28.-30. ágúst – Erlendur leiðbeinandi**

Hundafiminámskeið með erlendum leiðbeinanda var haldið á vegum Hundaræktarfélags Íslands föstudaginn 28.- 30. ágúst n.k. Námskeiðið var bæði verkleg og bókleg kennsla. Leiðbeinandi var landsliðsþjálfari Noregs í hundafimi, Lars Bang. Íþróttadeild HRFÍ sá um skipulag og framkvæmd námskeiðsins.

### **Átta nýir vinnuhundadómarar HRFÍ**

Það er von stjórnar að með þessari veitingu verði boðið upp á fjölbreytt og samfelld vinnupróf í framtíðinni. Afhending dómarskráteina fór fram á skrifstofu félagsins 22. júlí sl.

Eftirfarandi fengu dómaraáttindi:

Albert Steingrímsson –dómaraáttindi til að dæma brons hlýðni, hlýðni I og II

Björn Ólafsson – dómaraáttindi til að dæma brons hlýðni, hlýðni I og II

Guðrún Sigríður Sigurðardóttir- dómaraáttindi til að dæma smalæðlispróf

Lilja Dóra Halldórsdóttir – dómaraáttindi til að dæma brons hlýðni, hlýðni I og II

María Dóra Þórarinsdóttir – dómaraáttindi til að dæma smalæðlisprófin FCI-HWT Traditional style og Collecting style,

Ragnar Sigurjónsson –dómaraáttindi til að dæma hundafimikeppnir

Sigríður Bílddal –dómaraáttindi til að dæma brons hlýðni

Valgerður Júlíusdóttir – dómaraáttindi til að dæma brons hlýðni, hlýðni I og II

### **Laugavegsganga Hundaræktarfélags Íslands**

Árleg Laugavegsganga félagsins var laugardaginn 29. ágúst í tengslum við 40 ára afmæli félagsins. Að venju var gengið frá Hlemmi niður Laugaveg og endað í Hljómskálagarðinum. Skólahljómsveit Kópavogs sló taktinn í göngunni. Í göngunni voru m.a. hundar úr Leitarhundum Slysavarnarfélags Landsbjargar og heimsóknavinir Rauða kross Íslands. Stúlkur úr Unglingadeildinni voru fánaberar. Gangan var fjölmenn enda veður með eindæmum gott. Lokað

var fyrir umferð niður Laugarveginn á meðan á göngunni stóð og vakti gangan mikla hrifningu fólks. Margir útlendingar voru staddir í bænum á meðan á göngunni og stóð og tóku þeir óspart myndir. Það er ekki spurning að hafa gönguna á þessum tíma ársins. Um kvöldið var haldin árshátíð í sal Húnvetningafélagsins í Skeifunni 11.

### **Augnskoðun**

Finn Bøserup frá Danmörku augnskoðaði 192 hunda í anddyri reiðhallarinnar í Víðidal á afmælissýningu félagsins. Gekk skoðunin vel fyrir sig og því ekkert því til fyrirstöðu í framtíðinni að hafa þennan háttinn á í tengslum við sýningar.

Augnskoðun fór einnig fram í Sólheimakoti 27. & 28. nóvember þar sem Finn augnskoðaði 227 hunda og 41 hund á Akureyri sunnudaginn 29. nóvember.

### **Deildarsýningar**

Stjórn hefur samþykkt þrjár deildarsýningar sumarið 2010. Það er deild íslenska fjárhundsins (júlí), retrieverdeild (júlí) og chihuahuaeild (mars).

### **Alþjóðleg sýning 3. – 4. október í reiðhöllinni í Víðidal.**

Alls voru 755 hundar af 84 tegundum sýndir auk 38 ungra sýnenda. Einn dómari boðaði forföll vegna veikinda. Alls hafa því 3 dómarar afboðað sig á þessa sýningu. Heiðraðir voru afreks- og þjónustuhundar ársins, ásamt stigahæsta öldung og hundi ársins. Keppni ungra sýnenda fór fram föstudaginn 2. október kl.17:00.

Stigahæsti hundur ársins var íslenskur fjárhundur ISCh Arnastaða Rektor og stigahæsti öldungur ársins var pomeranian ISCh Ljóna- Ljón-Ynja Ljóna.

Stigahæstu ungu sýnendur ársins voru Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir, Karen Ösp Guðbjartsdóttir, Theodóra Róbertsdóttir og Guðrún Hauksdóttir. Þær skipa jafnframt landsliði ungra sýnenda sem fer á Nordic Winner Show (Nordic Junior Handling Championship) ásamt þjálfara sínum Auði Sif Sigurgreirdóttur. Sýningin fer fram í Finnlandi í desember n.k.

Rannveig Gauja sem er stigahæst eftir árið keppir fyrir hönd Íslands á Crufts í Bretland í mars.

Annar stigahæsti keppandinn, Karen Ösp keppir á heimssýningunni í Herning í Danmörku í júní og Theodóra sem er þriðji stigahæsti ungi sýnandinn keppir á Evrópusýningunni í Slóveníu.

Þjónustuhundur ársins var schäfertíkin Óðalsdreka Amiga. Hún starfar við hlið starfsfélaga síns aðallega í fangelsum landsins. Starfsfélagi hennar og þjálfari er Elín Ósk Hölludóttir.

Afrekshundur ársins er Rauða Kross hundurinn Karólína sem er í eigu Guðleifs Magnússonar.

Karólína heimsækir reglulega eldri borgara á Sunnuhlíð í Kópavogi ásamt því að hafa stutt eigandann sinn þegar hann missti óvænt heilsuna fyrir þremur árum.

### **Heimssýningin í Bratislava 5. – 6. október 2009**

Fulltrúi okkar í ungum sýnendum var Ágústa Pétursdóttir. Ágústa stóð sig með sóma þó að hún hafi ekki komist áfram í keppninni. Jóna og Valgerður voru óánæðar með skipulagið í keppninni.

### **Bréf frá Dýraverndarráði vegna lausagöngu hunda**

Að gefnu tilefni vill Dýraverndarráð vekja athygli hundaeiganda á að kynna sér þau svæði sem lausaganga hunda er leyfð og að eigendur gæti þess að hundar þeirra valdi ekki öðrum dýrum eða gangandi fólki hræðslu eða skaða. Sjá nánar á vefsíðu HRFÍ.

### **Rítaranámskeið**

Rítaranámskeið var haldið laugardaginn 21. nóvember kl.12:00-18:00 á skrifstofu HRFÍ. Sjö sóttu námskeiðið og allt efnilegt fólk. Námskeiðið var fyrir alla áhugasama sem geta ritað dóma á ensku fyrir dómara á hundasýningum félagsins. Stefanía Sigurðardóttir var umsjónaraðili námskeiðsins.

## Endurskoðun veiðipófsreglna fyrir tegundahóp 7 - ósk frá vorsthedeild

Stjórn hefur óskað eftir að deildir fyrir tegundahóp 7 tilnefni aðila til að vera í vinnuhópi til að yfirfara veiðiprófsreglur fyrir standandi fuglahunda.

### Physioteraphi and massage on dogs – why, when, how.

Fyrirlestur Önnu-Liv Sollesnes um Physioteraphi and massage on dogs, why, when and how var haldinn á skrifstofu félagsins þriðjudaginn 24. nóvember kl. 19:30-22:00. Alls voru 30 félagsmenn skráðir en 20 mættu.

### Fulltrúar frá Matvælastofnun / Mast

Halldór Runólfsson og Þorvaldur H. Þórðarson mættu fyrir hönd MAST á fund stjórnar 18. nóvember sl. Aðalumræðuefnið var skapgerðarmat sem stofnunin ætlaði að nota vegna innflutnings á ákveðnum hundategundum. Þorvaldur H. Þórðarson og Björn Steinbjörnsson kynntu skapgerðarmatið á fulltrúaráðsfundi í 29. apríl sl.

Halldór og Þorvaldur sögðu að það væri ekki búið að leggja niður skapgerðarmatið. Skapgerðarmatið hefi ekki verið mikið notað en við notkun þess hefði komið í ljós ýmsir gallar við framkvæmd. Samkvæmt Halldóri og Þorvaldi þá er skapgerðarmatið í nánari vinnslu og endurskoðun. Fulltrúar Mast sögðu að þeir væru að finna út hvað væri best að nota og leita eftir hugmyndum allra m.a. til stjórnar HRFÍ. Fulltrúar MAST sögðu að það sé mikilvægt að vera með skapgerðarmat sem er framkvæmanlegt. Stjórn HRFÍ ræddi nokkrar hugmyndir af breytingum og vonar að allir geti orðið sáttir að lokum. Fulltrúar Mast vilja vinna ofangreint mál í fullri samvinnu við félagsmenn HRFÍ. Stjórn HRFÍ er bjartsýn um að málið verði leyst á farsælan hátt þar sem allir geti vel við unnað. Allir sammála um að góð samvinna milli MAST og HRFÍ skipti miklu máli.

### Rafrænn póstur frá MAST eftir fundinn:

**From:** Þorvaldur H Þórðarson [mailto:thorvaldur.thordarson@mast.is]  
**Sent:** 25. nóvember 2009 12:53  
**To:** Jóna Th. Viðarsdóttir  
**Cc:** Halldór Runólfsson  
**Subject:** Skapgerðarmat á hundum við innflutning til Íslands.

“Sæl Jóna.

Í vor kynnti Matvælastofnun ný viðmið varðandi skapgerðarmat á hundum sem flytja á til Íslands.

Þegar vinna átti eftir þeim reglum sem þá voru kynntar komu ýmsir annmarkar í ljós. Matvælastofnun telur því rétt að skoða málið nánar, einkum m.t. t. útfærslu og þess að viðunandi árangur náist í að nálgast raunhæft og réttmætt mat á skapgerð hvers hunds sem flytja á til landsins og talið er að þurfi slíkt. Í því sambandi var ákveðið að taka málið til endurskoðunar. Enn hefur því í raun ekki verið fallið frá fyrra mati, en aftur á móti málið í heild sinni tekið til frekari skoðunar. Hvort annmarkar þessa kerfis verða sniðnir að okkar þörfum, eða alveg nýtt kerfi notað, er ekki gott að segja til um á þessari stundu. Aftur á móti er það stefnan að vinna að kerfi sem tiltölulega auðvelt er að vinna eftir, en gefur eins raunhæft skapgerðarmat og mögulegt er. “

Með kveðju, / Best regards,

Þorvaldur H. Þórðarson / Thorvaldur H. Thordarson

Framkvæmdastjóri inn- og útflutningsmála / Manager of import and export

Inn- og útflutningssmál / Office of Import and Export



## **Kvörtun frá félagsmanni vegna þriggja deilda sem tóku þátt í vinnuhundadegi DÍ.**

Stjórn þriggja deilda, vorstehdeildar, mjóhundadeildar og íþróttadeildar, misskildu bréf sem stjórn HRFÍ sendi þeim. Jóna Th. Viðarsdóttir formaður leiðrétti misskilning varðandi bréfið en með því hafi stjórn HRFÍ ekki verið að lýsa vantrausti á stjórnir deildanna. Stjórn Hundaræktarfélagsins var fyrst og fremst að lýsa óánægju með þátttöku deildanna í starfi klúbbs sem ekki er aðili að HRFÍ né FCI, klúbbs sem hefur ekki áhuga á að starfa innan vébanda HRFÍ. Kjartan eigandi Propac tjáði starfsmanni skrifstofu að hann hefði verið styrktaraðili þessa vinnuhundadags en Dobermann Íslands verið framkvæmdaraðili.

## **Dobermann Ísland.**

Stjórn HRFÍ hefur gert tvær tilraunir til að ræða við stjórn DÍ varðandi málefni er snúa að dobermann hundakyninu og Dobermann Ísland. Það er alveg ljóst að Dobermann Ísland klúbburinn rúmast ekki innan laga HRFÍ og þau eru hvött til að stofna ræktunardeild innan félagsins.

Stjórn HRFÍ hefur óskað eftir að DÍ sé ekki með logo HRFÍ né FCI á síðu sinni né að þeir afriti efni af síðu HRFÍ til birtingar á vefsíðu DÍ. Sjá bréfaskriftir FCI við DÍ á vefsíðu HRFÍ.

## **Pað helsta á döfinni:**

### **Sýningadómarnám**

Sænski dómari Kenneth Edh hefur lofað að senda okkur tillögu að dagsetningum til að hefja sýningadómarnám fyrir félagsmenn. Þeir sem hafa áhuga þurfa að sækja formlega um námið. Jörgen Hindse, Svend Lövenkjær og Kresten Scheel hafa boðið HRFÍ að taka þátt í dómarnámi fyrir unga fólkið hjá danska hundaræktarfélaginu.

### **Nordic Winner í Helsinki – Junior Handling**

Fjórir stigahæstu ungu sýnendur ársins þær Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir, Karen Ösp Guðbjartsdóttir, Theodóra Róbertsdóttir og Guðrún Hauksdóttir fara ásamt Auði Sif Sigurgeirsdóttur þjálfara liðsins á Nordic Winner Show (Nordic Junior Handling Championship) í Finnlandi. Farið verður fimmtudaginn 10. desember og komið heim mánudaginn 15. desember. Jóna Th. Viðarsdóttir fer á eigin vegum á sýninguna, stúlkunum til halds og trausts.

### **Vinnuhundadeild**

Starfsemi og próf framundan er hægt að sjá á vefsíðu HRFÍ og á vefsíðu deildarinnar.

### **Veiðipróf**

Sjá upplýsingar á vefsíðum deildanna.

### **Hundasýningar árið 2010**

Þrjár alþjóðlegar hundasýningar verða árið 2010. Framvegis verða hundasýningarnar í lok febrúar, byrjun júní, miðjan ágúst og miðjan nóvember.

Næsta alþjóðlega hundasýning verður 27. – 28. febrúar 2010. Síðasti skráningardagur er föstudaginn 29. janúar.

### **Augnskoðun**

Áætlað að hafa í lok febrúar í tengslum við næstu hundasýningu.

## **Ræktunarnámskeið**

Verður haldið í vor ef þátttaka verður næg.

## **Ný gjaldskrá tekur í gildi 1. janúar 2010**

Helsta hækkun er hækkun félagsgjalda. Einstaklingsgjald verður kr. 6700, hjónagjald kr. 9500. Þetta er um 30% hækkun. Aðrir gjaldflokkar hækka um 5-10% nema vinnu- og veiðipróf sem verða óbreytt.

## **Jólakaffi – opið hús fyrir félagsmenn fimmtudaginn 17. desember**

Jólakaffi - opið hús verður fimmtudaginn 17. desember kl. 16-19 á skrifstofu HRFÍ. Allir félagsmenn velkomnir.

## **Óheimil notkun á ljósmyndum**

Stjórnnum deilda og félagsmönnum er bent á að fara vel yfir vefsíður deilda og kanna hvort allar myndir sem notaðar eru séu með heimild til birtingar. HRFÍ barst kæra upp á kr. 281.768 fyrir mynd sem birt var í heimildarleysi á einni deildarsíðu félagsins. Notuð var ljósmynd frá GettyImages. Bréfið er frá Þorgeiri Ólafssyni hjá NordicPhotos, Norrænar myndir ehf, umboðsaðila GettyImages á Íslandi.

Stjórn deildarinnar hafi ekki hugmynd um að myndin væri afrituð af vefnum og sett á vefsíðuna. Taldi að allar myndirnar væru frá rækendum innan deildarinnar. Búið er að funda með sölustjóra NordicPhoto þar sem málið var útskýrt og beðist afsökunar á birtingunni. Búið er að taka myndina af vefsíðunni. Óskað var eftir að málið yrði látið niður falla. Ekki er enn komið svar frá Norrænum myndum ehf.

## **2. Punktur frá NKU fundi haldinn á Grand Hotel í Reykjavík 21.ágúst 2009**

### **Guðríður Valgeirsdóttir varaformaður**

#### **Sameinaðar sýningareglur innan aðildarféлага NKU.**

Umræður um væntanlegar sameinaðar sýningareglur.

Mikil vinna er nú þegar að baki, og ekki stór mál sem á eftir að taka ákvörðun um.

Tillögur þar af lútandi verða sendar frá Hundaræktarfélagunum til þeirrar nefndar sem vinnur í breytingunum til áframhaldandi úrvinnslu.

Finnar tóku að sér að kalla til fundar í nefndinni og var fyrirhugaður fundur 2. nóvember.

Í máli fulltrúa hinna Norðurlandanna kom fram að mikill vilji er heima fyrir til þessara breytinga og hafa sumar þeirra nú þegar tekið gildi á Íslandi.

Fyrir hönd Svía á Bo Skallin sæti og kom fram að hann muni fylgja verkefninu eftir allt til loka og er mikið traust borið til hans, hvað þetta varðar.

Að þessari vinnu lokinni tekur svo NKU endanlega ákvörðun.

Kom fram í máli Kari Järvinen að þetta væri í þriðja sinn sem tilraun væri gerð til að sameina sýningareglur Norðurlandanna og aldrei fyrr hefðum við komist svo nálægt markmiðinu.

#### **Rannsóknarstofa : hár, húð og blóðsýni.**

Finnar eru með þetta verkefni á sínum snærum og liggur ekki fyrir niðurstaða.

Málið er flókið varðandi kostnað og fleira.

Upplýsingar liggja væntanlega fyrir á næsta fundi NKU.

### **Norðurlanda Graf Meistarastig fyrir terrierhunda**

Danir óska eftir samvinnu við félög innan NKU vegna fyrrnefnds titils.

Þeirra tillaga: Til þess að hundur geti fengið titilinn þarf hann að hafa öðlast meistaratitil þriggja Norðurlanda.

**Fundarmenn sammála um að slíkir titlar væru hvatning og mæltu með því að allir meistaratitlar ættu að geta orðið hluti af Norðurlandameistaratitli.**

**Ákvörðunin væri hins vegar heima í hverju félagi fyrir sig.**

### **Reglur: Norðurlandakeppi í Freestyle.**

Reglurnar taldar óljósar og að það vanti í raun skýrari reglur.

Kom fram hjá NKK að í byrjun hafi verið fáir kennarar í greininni og ekki tímabært að sameina reglur um Freestyle og Heelwork to music og mæla með að þær reglur sem eru í gildi verði áfram. Sameina þurfi ákvæði varðandi ferðalög og greiðslur til dómara. Freestyle reglurnar eru tveggja ára gamlar.

**DKK : Unnið verði eftir báðum regluverkunum í Herning 2009 og setja svo á laggirnar vinnuhóp eftir þá reynslu, sambærilegan við það sem er gert með hlýðni og agilty. Ef færri en þrjú lönd senda keppendur á Nordic Winner sýningu, er titillinn Nordic winner ekki í boði.**

### **DKK:**

Í reglum FCI stendur: Bannað er að flytja hund á milli flokka á sýningum nema skráning hafi misfarist í prentun.

Þeir vilja að þarna sé gerð undantekning á þ.e.a.s. að hundar sem hafa náð meistaratitli í því landi sem sýningin er haldin, megi flytjast á milli flokka, er átt við í meistaraflokk hafi hundurinn unnið sér landsins titil eftir að skráningarfræstur rann út.

Hundar sem hafa náð vinnuárangri í vinnuhundaflokk mættu einnig flytjast í vinnuhundaflokk, hafi þeir náð árangrinum eftir að skráningarfræsti lauk.

Danir báðu um stuðning við þetta erindi til sýningarnefndar FCI.

### **Markmið sameiginlegs gagnagrunns.**

Noregur og Danmörk eru að keyra saman líkt kerfi og hafa verið í samvinnu .

Danir eru ekki tilbúnir að opna grunninn hjá sér fyrir alla, aðeins félagsmenn hafi þar aðgang sem hefur þýtt verulega fjölgun félagsmanna.

NKK hafa ekki rætt það en veltu fyrir sér hvort sameiginlegur grunnur ætti að vera opin fyrir félagsmenn allra Norðurlandanna.

Finnar og Svíar vilja sameiginlegan gagnagrunn og hjá SKK er hann nú þegar opin fyrir alla. DKK og NKK töldu það tæknilega mögulegt.

Hefur verið rætt um að prufukeyra slíkt með upplýsingum um íslenskan fjárhund .

NKU fundur verður haldinn í Kaupmannahöfn í janúar n.k. og verða umræður um málið aftur á dagsskrá þar.

### **Brestir á boðun funda hjá agilty nefnd NKU.**

#### **SKK:**

Samþ. að boða til fundanna með mánaðar fyrirvara og að dagsskrá þeirra berist með góðum fyrirvara.

### **Aflestur augnlækna.**

#### **SKK:**

Norðmenn viðurkenna ekki aflestur sænskra dýralækna.

Norðmenn sögðu Astrid Indrebö form. VK/ NKU mælist til þess að aflestur sænskra dýralækna búsetta í Noregi sé viðurkenndur og vildi hún taka málið upp hjá Vísindanefnd NKU

**Fundarmenn sammála um að réttindi augnlækna frá Norðurlöndunum ættu að vera viðurkennd innan aðildarlanda NKU og málið liggja skýrt fyrir í árslok 2010.**

### **Samvinna á heimssýningunni 2010 í Herning, Danmörku.**

**Samþ. Öll löndin séu með bás/stand og myndi einingu.**

**Mögulega áframhald á slíku á fleirum heimssýningum**

### **Nýtt frá löndunum:**

**DKK:** Árásargjarnir hundar mikið í umræðunni í blöðum og sjónvarpi.

DKK á sæti í Animal welfare. Mikið rætt um bann tegunda eða bann við ákv. útliti hunda. Þar verði örugglega sett strangari reglugerð um hundahald, einhverjar tegundir fái leyfi með ströngum skilyrðum og væntanlega breytingar varðandi innflutning af hundum. Sumir blendingar eru skráðir og talað um að hundar yfir 50 kg. beri alltaf munnkölfur. Mikið af slysum. 10-15 hundar drepnir af slíkum hundum á ári og margar tilkynningar um að börn og fullorðin fólk sé bitin.

Allir hvolpar eru einstaklingsmerktir 8 vikna. Ekki sé hægt að halda áfram eins og komið sé fyrir hundahaldi í dag. Væri verið að tala um 20-30 tegundir sem yrðu væntanlega bannaðar. Vonast er til að fá 15-18 þúsund hunda á heimssýninguna 2010. 50-60 vinnuhópar hafa þegar hafið störf við undirbúning.

20% færri ættbókarskráningar í jan. og febr. miðað við fyrra ár.

6-7 % færri á sýningar.

10% fjölgun félaga og þakka það aðallega að aðgangur á netið er háður félagsaðild.

Verið að tala um próf (leyfi) fyrir hundaeigendur.

Formaður DKK Hans Jörgen Madsen talaði um að dómarrar þyrftu að vera óhræddir við að gefa hundum sem ógna O.

### **SKK:**

Félögum aðeins fjölgað svo og ættbókarskráningum.

Aukning á sýningar hefur aukist 5-10%

Ríkið leggur mikla peninga í starf SKK og vilja sjá félagið virkara að málefnum hunda og því sem snýr að ræktendum m.a. hvað varðar ræktun björgunarhunda.

Í Svíþjóð eru lög sem kveða á um menntun lögreglunnar til að takast á við árásargjarna hunda og á SKK að sjá um þá menntun.

SKK hefur gefið út leiðbeiningar/upplýsingarrit fyrir sýningadómara varðandi ákveðin hundakyn, og er verið að tala um óheilbrigði og/eða ýkjur í byggingu.

2010 mun SKK gefa út bók og DVD sem öllum ræktendum verður afhent og mun hún heita „Sound Dog“.

Breeder Magasín - kemur út á næsta ári - frítt eintak til allra ræktenda.

Upplýsingabæklingur fyrir ræktunardeildir: sound breeders - sound dogs.

Mikil aukning vegna árárhneigðra hunda sl. 2 ár og eru SKK í viðræðum við lögregluþyrirvöld vegna þessarar miklu aukningar og væntanlega hertri reglugerð um hundahald. Þar liggja fyrir um 1300 skýrslur vegna árása hunda.

Science Conference verður haldin í Svíþjóð í júlí 2010 og munu 200-300 vísindamenn flytja þar erindi. Miklið fjármagnsstreymi verður í kringum ráðstefnuna og munu Pedigree og Agria koma að þessu.

Í byrjun árs minnkuðu ættbókarskráningar um 10% en hafa þokast upp á við um 6%. Aukning á sýningar.

**FKK:**

Örlítill aukning á félagafjölda og ættbókarskráningum, en sýningum 5% aukning.

Samvinna við Animal protecting law.

Mikið um árásir hunda og skýrslur um slíkt berast klúbbum.

Í tísku er að ætteleiða hunda frá öðrum löndum t.d. Spáni og Ungverjalandi.

Allir hvolpar örmerktir frá því í ársbyrjun.

Fækkun í starfsfólki um 16 manns ekki síst vegna þess að fólk skráir meira á netinu m.a. got og eigendaskipti.

Ástandið yfirleitt gott og fá félagsmenn öryggisnúmer til að skrá á vefnum.

**NKK:**

Fjöldun félagsmanna, aðeins aukning í ættbókarskráningum og þátttaka á sýningar svipuð og fer 95% skráninga fram á netinu.

Árásargjarnir hundar eru ekki mikið vandamál í Noregi og þakka þeir því fyrst og fremst að fyrir nokkrum árum voru 6 hundakyn bönnuð þar í landi.

14.10.2009 stóðu þeir fyrir ráðstefnu „Hundar og velgengni“

**Til fróðleiks:**

**SKK:**

**Skráning Bolonka/Bolognese hunda frá Tékklandi.**

Svíar hafa skráð afkvæmi slíkra hunda sem eitt kyn síðan 2007.

**Fulltrúar hinna Norðurlandanna ekki sammála slíkri afgreiðslu.**

**Kynnt bréf frá NKK og SKK sem var sent til umfjöllunar á fund aðalstjórnar FCI haldinn í Bratislava 5. – 6 október.**

Bréfið var dags. 16.febrúar 2009 þar sem Hundaræktarfélögin í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi voru með ósk um að fjórtán tegundir veiðihunda þ.e.a.s. þeirra landa þjóðarhundar væru undanþegnir CIE titlinum - sýningarmeistaratitlinum.

**Kynnt bréf sem var sent til FCI s.l. sumar.**

Innihald: Tillaga að breytingum varðandi upptalningu titla hunda í sýningarskrám.

Skv. reglum FCI má aðeins greina frá titlum sem eru samþykktir af þeim.

Tillaga NKU er að skrá megi titla: svo sem „Nordic Winner“ titlinn sem er hundaeigendum á Norðurlöndum mikils virði.

Erindið hafði verið sent til sýningarnefndar FCI .

**Bulgaria, Rúmenía, Slovenía og Serbia.**

Fulltrúar þessara þjóða voru kallaðir á fund til Brussel þar sem þær höfðu samþykkt( valið) sér dómara utan FCI og fleiri atriða.

**Önnur mál:**

HRFÍ fagnar 40 ára afmæli á þessu ári. NKU/AU mælist til þess að Ísland sækir um fulla aðild í FCI fyrir aðalfund samtakanna í Paris 2011. Öll Norðurlöndin munu styðja umsóknina.

Umræður um kosningar á væntanlegum FCI Eurosektionfundi og aðalfundi samtakanna í október.

## Næsti fundur verður haldinn í Kaupmannahöfn 13.janúar 2010

### 3. Beiðni frá fuglahundadeild sem Jóna Th. Viðarsdóttir kynnti.

Stjórn leitar eftir álitni fulltrúaráðsfundar á beiðni fuglahundadeildar varðandi:

#### Beiðni frá Fuglahundadeild

Formaður HRFÍ hittir formann FHD, Ólaf E. Jóhannsson, ásamt Pétri Allan Guðmundssyni í byrjun maí. Sögðust þeir vera að fylgja eftir ályktun ársfundar FHD um að sækjast eftir heimild frá stjórn HRFÍ til að gefa félögum í sérdeildum tegunda í tegundahópi 7 kost á aðild að FDH með fullum félagsréttindum. Yrði sú aðild að vera samþykkt af stjórn FHD.

Tillögur frá FHD:

II. Stofun ræktunardeilda ( bætt við nýrri grein, gr.4. verður gr.5)

4. Þegar hópdeild er starfandi ásamt sérdeild innan sama tegundahóps geta meðlimir sérdeilda öðlast kosningarétt og kjörgengi í hópdeild í stað sérdeildar, að fengnu samþykki stjórnar hópdeildar.

III. Stjórn ræktunardeilda

2. (rauðletruð viðbót í fjórðu setningu)

Kosningarétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir sem eru skráðir eigendur hunda **eða hafa verið skráður eigendur hunda undanfarin 2 ár** í viðkomandi deild, eru skráðir í deildina og skuldlausir við félagið þar ár sem ársfundur er haldinn.

Stjórn HRFÍ hefur til margra ára getað leitað til félagsmanns, sem er lögfræðingur, með álitamál. Viðkomandi félagsmaður er vel að sér í félagarétti og hefur gengt mörgum trúnaðarströfum fyrir HRFÍ m.a. setið í aðalstjórn félagsins. Neðangreint eru hugleiðingar viðkomandi félagsmanns varðandi beiðni fuglahundadeildar og biður okkur um að líta á þær sem innlegg í umræðuna en ekki sem lögfræðialit þar sem viðkomandi á ekki sæti í laganefnd HRFÍ né er starfandi lögmaður í dag:

Til þess ber fyrst að líta að Hundaræktarfélag Íslands er mjög opið, almennt félag. Samkvæmt samþykktum þess, geta allir þeir orðið félagsmenn sem:

*"áhuga hafa á málefnum HRFÍ og eru ekki félagsmenn í öðrum félögum sem vinna á mótum HRFÍ og markmiðum þess, hafa ekki gerst sekir um illa meðferð á dýrum eða á annan hátt vanvirt markmið félagsins eða skaðað orðstýr þess." (grein 5.a). Í sömu grein er einnig tiltekið að kosningarétt og kjörgengi hafi þeir sem greitt hafi félagsgjald sitt."*

Helstu markmið félagsins eru talin upp í I. kafla samþykktanna og til að ná markmiðum sínum er m.a. kveðið á um það í grein 3.b, að félagið skuli stofna ræktunardeildir sem standa vörð um ræktun og ræktunarmarkmið hundakynja. Sérstakur kafli í samþykktunum, kafli VII, fjallar síðan um ræktunardeildir, auk þess sem tilgreint er að þær eigi fulltrúa í fulltrúaráði HRFÍ, svo ljóst er að þær eru hluti af grunnstoðum og skipulagi félagsins.

VII kafli samþykktanna setur ramma utan um starfsemi ræktunardeildanna. Í grein 20 (kafla VII) segir að

*"Meðlimir ræktunardeilda geta þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í HRFÍ. Kosningarrétt og kjörgengi á ársfundum ræktunardeilda hafa þeir sem eru skuldlausir við félagið 1. mars ár hvert."*

Þessi grein er í samræmi við grein 5.a um almennan rétt til félagsaðildar í HRFÍ og kosningarétt og kjörgengi. Þá segir í 21. grein að stjórn HRFÍ skuli setja reglur um stofnun og skipulag ræktunardeilda. Þær reglur þurfa að sjálfsögðu að vera innan þess ramma sem samþykktir HRFÍ setja og mega ekki ganga í berhöggi við þau sjónarmið í félagastarfsemi sem HRFÍ byggir á og fram koma í samþykktum þess.

Stjórn HRFÍ hefur samkvæmt þessu sett sérstakar reglur um starfsemi ræktunardeilda. Í II. kafla þeirra reglna eru þrenns konar ræktunardeildir skilgreindar:

*a) Ræktunardeild um eitt hundakyn sem kallast sérdeild.*

*b) Ræktunardeild um tvö eða fleiri hundakyn sem tilheyra sama tegundahópi og hafa svipaða meðfædda eiginleika kallast hópdeild.*

*c) Í safndeild eru þau hundakyn sem ekki tilheyra sérdeild eða hópdeild."*

Þessar mismunandi tegundir ræktunardeilda eru fyrst og fremst tilkomnar vegna mismunandi fjölda ræktunarhæfra dýra af einstökum hundakynjum og sameiginlegra eiginleika og skyldleika hundakynja sem þykja þá eiga betur saman en önnur.

Stjórn HRFÍ hefur sett takmarkanir umfram þær sem samþykkti félagsins kveða á um, bæði á kosningarétt félagsmanna í ræktunardeildum (*einungis félagsmenn sem eiga hund/a af viðkomandi hundakyni/kynjum*), og á kjörgengi í ræktunarstjórnir þeirra (*einungis félagsmenn sem hafa átt hund/a af viðkomandi hundakyni/kynjum OG hafa verið félagsmenn HRFÍ í a.m.k. 2 ár*). Þegar litið er til markmiða HRFÍ og þeirra ákvæða sem samþykktir HRFÍ geyma um ræktunardeildir, má skilja þessar takmarkanir sem viðleitni til að tryggja betur að til trúnaðarstarfa í ræktunarstjórnnum veljist fólk sem hafi þekkingu og áhuga á viðkomandi hundakynjum og þekkingu á starfsemi HRFÍ. Þannig þjóni starfsemi deildanna betur markmiðum sínum skv. samþykktum HRFÍ. Takmarkanirnar eru skýrar, almennar og óhlutdrægar, þ.e. eru gagnsæjar og gilda þannig séð jafnt um alla félagsmenn sem geta allir uppfyllt þessi skilyrði með tímanum.

### **Þær tillögur sem Fuglahundadeild hefur sent stjórn HRFÍ um breytingar á reglum um starfsemi ræktunardeilda eru tvenns konar.**

Annars vegar er eftirfarandi tillaga um breytingu á III. kafla reglanna, um stjórnir ræktunardeilda:

(breyting/viðbót er rauðletruð):

2. Kosningarétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir sem eru skráðir eigendur hunda **eða hafa verið skráðir eigendur hunda undanfarin 2 ár** í viðkomandi deild, eru skráðir í deildina og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn.

Hins vegar er eftirfarandi tillaga um nýtt ákvæði í II. kafla reglnanna um stofnun ræktunardeilda:

**4. Þegar hópdeild er starfandi ásamt sérdeild innan sama tegundarhóps, geta meðlimir sérdeilda öðlast kosningarétt og kjörgengi í hópdeild í stað sérdeildar, að fengnu samþykki stjórnar hópdeildar.**

Núverandi 4. grein verði svo 5. grein.

Varðandi fyrri tillöguna, verður ekki séð að hún fari frekar gegn ákvæðum eða anda samþykktar HRFÍ en núverandi takmarkanir skv. reglum um starfsemi ræktunardeilda. Þvert á móti myndi hún rýmka rétt félagsmanna til kosninga og kjörgengis og vel má færa rök fyrir því að hún sé til þess fallin að halda betur þekkingu á viðkomandi hundakynjum og starfsemi

HRFÍ, innan deildanna. Þannig geta þeir sem átt hafa hund af viðkomandi hundakyni lengi en t.d. nýlega misst hann, áfram haft kosningarétt og kjörgengi í deildinni.

Síðari tillagan gerir hins vegar ráð fyrir ógagnsærri og matskenndri ákvörðun um kosningarétt og kjörgengi félagsmanns í deild, sem er í alla staði andstæð þeim almennu, gegnsæju og opnu reglum um deildaraðild (-og félagsaðild) sem fram koma í samþykktum HRFÍ. Ekki verður séð að slík matskennd ákvörðun (og að viðkomandi sé útilokaður frá sérdeild með því að "velja" hópdeildina) þjóni svo verulega markmiðum félagsins og starfsemi ræktunardeilda að það réttlæti þessi andstæðu sjónarmið (í félagaréttarlegum skilningi).

Hitt er svo annað mál, að hægt væri að færa rök fyrir því að það sé hæpið að stjórn geti yfir höfuð takmarkað aðild að ræktunardeildum umfram samþykktir félagsins, eins og gert er í starfsreglum ræktunardeilda, sérstaklega þar sem samþykktir HRFÍ kveða á um kosningarétt og kjörgengi á ársfundi þeirra. Sjálfsgagt hefði betur farið á því ef aðalfundur HRFÍ hefði breytt samþykktunum fyrst.

**Lára Birgisdóttir lagði til að beiðni fuglahundadeildar yrði sent til allra stjórna deilda og leita eftir álitum þeirra. Það var samþykkt.**

#### **4. Umræður og upplýsingar/fréttir frá ræktunardeildum**

##### **Fuglahundadeild – Ólafur E. Jóhannsson formaður**

Ólafur sagði frá starfsemi deildarinnar m.a. nýrri vefsíðu, veiðiprófum, opnu húsi og gagnagrunni sem búið er að smíða. Nýjum kynningabæklingi var dreift á afmælishátíðinni. Nú stendur yfir ljósmyndasýning. Í vinnslu er fræðsluband. Öflugt starf er í deildinni. Sjá meira á vefsíðu deildarinnar.

##### **Vorstehdeild – Kjartan Antonsson formaður**

Ung deild, mikil aukning á áhuga fyrir vorstehhundum. Kjartan sagði frá starfsemi deildarinnar m.a. veiðiprófum og alhliðaprófi. Fengu nýlega norskan sérmenntaðan veiðihundadómara. Erlent kvikmyndafyrirtæki óskaði eftir að mynda vorsteh og gordon setter á veiðum. Búið er að taka myndir af þessum tveimur hundategundum á veiðum á Íslandi.

Kjartan var hvattur til að auglýsa sýningadag dvd myndarinnar fyrir félagsmenn sem hægt væri að sýna á skrifstofu HRFÍ.

Búið er að flytja inn til Íslands 2 tíkur og einn hund. Sjá meira á vefsíðu deildarinnar.

##### **Fjár- og hjarðhundadeild – Lára Birgisdóttir formaður**

Lára sagði að mikið og öflugt starf væri innan deildarinnar. Stjórn deildarinnar fundaði með Sigríði Bílddal og Steinari Lúðvíkssyni úr stýrihópi skapgerðamats þar sem deildin bauðst til að aðstoða við vinnu við uppsetningu á matinu. Þau lofuðu að finna dagsetningar sem hentuðu en því miður hefur fjár- og hundadeild ekkert heyrt meira frá þeim. Unnið hefur verið að þýðingu fjárhundaprófs eftir reglum FCI og unnið að nýjum heilbrigðiskröfum fyrir old english sheepdog. Mjög vinsælt er að fara með hunda í smalaeðlispróf. Sjá meira á vefsíðu deildarinnar.

##### **Terrierdeild – Inga Fanney Egilsdóttir formaður**

Inga sagði að terrierdeild væri öflug göngudeild. Boðið hefur verið upp á grill og göngur ásamt útilegum. Mesta aukning er í yorkum. Færri got eru hjá silky terrier. Helst vantar fleiri westís eigendur. Ólíkar skoðanir eru innan deildarinnar enda mismundandi terriertegundir innan deildarinnar. Einnig eru mismunandi heilbrigðiskröfur fyrir alla terriertegundirnar. Þorsteinn Kristinsson hefur búið til forrit sem heldur utan um hunda og hundaeigendur. Jólball verður í desember. Sjá meira á vefsíðu deildarinnar.



### **Retrieverdeild – Guðmundur A. Guðmundsson, formaður**

Starfsemi deildarinnar byggist mikið á veiðiprófum. Deildin á 30 ára afmæli á næsta ári í tilefni þess ætlar deildin að vera með sýningu, dómari verður Jens Eric Sönderup. Boðið hefur verið upp á opin hús en þátttaka hefur verið dræm.

### **Írsk setterdeild – Margrét G. Andrésdóttir, formaður**

Deildin var 30 ára á árinu. Boðið hefur verið upp á veiðipróf og göngur. Mikill áhugi er á sýningum félagsins. Á næstunni er jólaganga og stafsemi næsta árs verður skipulögð í janúar.

### **Grefil- og sporhundadeild - Margrét G. Andrésdóttir**

Lítill starfsemi hefur verið í deildinni.

### **Smáhundadeild – Brynja Tomer**

Brynja Tomer er í smáhundadeild en var fulltrúi stýrihóps í skapgerðamati á fulltrúaráðsfundinum. Hún sagðist geta sagt aðeins frá starfsemi deildarinnar. Starfsemi smáhundadeildar hefur ekki verið mjög mikil. Í deildinni er amk 10 hundakyn. Lokahóf deildarinnar er á morgun þar sem heiðraður verður stigahæsti hundur og öldungur ásamt stigahæsta ræktanda. Mikill áhugi er á fræðslustarfi sérstaklega varðandi heilbrigði hundanna. Deildin tók þátt í smáhundadögum í Garðheimum. Mikil aukning er á griffon og coton hundum innan deildarinnar. Boðið er upp á skipulagðar göngur og ákveðið hefur verið að festa niður sýningaþjálfun.

### **Schnauzerdeild – Margrét Kjartansdóttir formaður**

Margrét sagði frá starfsemi deildarinnar, boðið er m.a. upp á göngur og verður jólaganga í desember. Deildin tók þátt í smáhundadögum í Garðheimum. Nýlega var boðið upp á félagsfund þar sem m.a. var kannað hvað félagsmenn deildarinnar vildu gera. Stefnt er að hafa vinnupróf í vetur. Rætt hefur verið um gagnagrunn. Buðu upp á sýningaþjálfun í samstarfi við shih tzudeild og veiðihundadeild.

### **Chihuahuedeild – Daníel Örn Hinriksson formaður**

Daníel er nýlega orðinn formaður deildarinnar. Eru með öflugt starf innan deildarinnar. Boðið hefur verið upp á hvolpadag og dag fyrir nýja eigendur eldri hunda. Afmælissýning deildarinnar verður í byrjun mars. Dómari verður Kenneth Edh. Einnig verður boðið upp á ræktunarnámskeið fyrir chihuahua eigendur.

### **Shih tzudeild – Soffía Kwaszenko**

Ung deild og ný vefsíða sem er mikið skoðuð. Göngur eru annan hvern mánuð einnig hefur verið grill og göngur. Margir eigendur eru á Reykjanesi og því er stundum göngur þar. Deildin hefur verið með kynningarbás á sýningum og kynnt tegundina í Garðheimum. Mikill fjölgun hunda á sýningum. Hafa boðið upp á námskeið í feldhirðu og að setja topp í hundana. Voru með haustfagnað á Ásláki þar sem stigahæsti hundurinn var heiðraður. Í Keflavík verður boðið upp á kennslu í böðun og feldvinnu á shih tzuhundum og Anna Jóna Halldórsdóttir verður með færslu um hvolpa. Í desember verður jólaball. Stjórn deildarinnar þarf að vinna að nýjum heilsufarskröfum fyrir tegundina.

## **5. Önnur mál**

### **Björn Ólafsson stjórnarmaður**

Vill afnema kröfur um skapgerðarmat til að minnka þrýstinginn á skapgerðarmatshópin. Hann hvetur fulltrúa deildanna að miðla upplýsingum af fundinum til deildarmanna sinna til að fyrirbyggja leiðinda

misskilning og umræðu á netinu. Hann ítrekar bréfið frá Dýraverndarráði sem talað var um hér fyrr og er á vefsíðu HRFÍ varðandi dýrbíta.

Fundi slitið um kl. 22:15